Trefjar ehf
Óseyrarbraut 29
220 Hafnarfjörður

Kópavogur, 11. júní 2026
Tilvísun: E51485

Skýrsla send á eftirfarandi netfang: oskarhaf@trefjar.is

Eftirlitsskýrsla

Tilefni: Reglubundið eftirlit	**Eftirlit framkvæmt:** 9.6.2026
Starfsleyfi: Gildir til 28.11.2033	**Starfsemi:** Smíði úr trefjaplasti
Aðsetur: Óseyrarbraut 29	**Kennitala:** 4201780269
Fulltrúi fyrirtækis: Úlfar, framkvæmdastjóri rekstrar Guðmundur, verkstjóri	**Fulltrúi Heilbrigðiseftirlits** Eiríkur Vigfússon, heilbrigðisfulltrúi Sunna Fririksdóttir, eftirlitsfulltrúi

Umfang eftirlits

Eftirlit fór fram skv. reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirliti nr. 550/2018, reglugerð um meðhöndlun úrgangs nr. 803/2023, reglugerð um mengaðan jarðveg nr. 1400/2020, reglugerð um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi nr. 884/2017 og reglugerð um spilliefni nr. 806/1999.
Stuðst var við samræmd starfsleyfisskilyrði fyrir mengandi starfsemi sem eiga sér stoð í fyrrgreindum reglugerðum og lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

Niðurstöður eftirlits

Byrjað var á því að fara yfir úrbótaáætlun sem gerð í kjölfar síðasta eftirlits.

Úrbætur	Niðurstaða
Keyptur verður úrgangsolíugeymir til að taka á móti úrgangsolíu	Tankur til staðar og uppfyllir kröfur
Ferli hefur verið útbúið þar sem tiltekinn starfsmaður ber ábyrgð á að efnavörutunnur og annar úrgangur sé geymdur á viðeigandi hátt.	Verkstjóri vinnslu ber ábyrgð á málaflokknum og gat svarað öllum spurningum.
Skerpt á ábyrgð með tiltekt og skipulagi á lóð og tiltekinn starfsmaður hefur fengið ábyrgðinni úthlutað.	Sjá lið að ofan
Merkingar hafa verið pantaðar og verða settar upp við blöndunarstaði.	Möppur komnar í hverja vinnustöð, með áberandi merkingum á forsíðu
Viðbragðsáætlun er í smíðum.	Viðbragðsáætlun er enn í smíðum, frestur veittur áfram
Gámur verður notaður til geymslu á tómum ílátum, það mun skýla þeim frá rigningu og hægt verður að læsa gámnum til að óviðkomandi komist ekki í tómar umbúðir	Gámur til staðar og frávikið leyst

Gengið var um verksmiðjugólf, efnavöru merkingar skoðaðar, loftræsting skoðuð og trésmíðarverkstæði. Engar athugasemdir.
Útisvæði var einnig skoðað, þar sést mikil framför í skipulagi og snyrtimennsku. Úrgangskörum og gámum hefur verið raðað skipulega, opnir bambar undir smá rusl komið fyrir inn í stórum gámi. Úrgangsolíugeymir hefur verið staðsettur á norð vestur horni byggingar. Munu Stálorka og Trefjar samnýta þann tank, sem verður þá tæmdur eftir þörfum. Hrósa verður fyrirtækinu fyrir miklar framfarir í úrgangsmálum.
Heilbrigðiseftirlitið fer fram á að fá kvittanir fyrir síðustu skilum á spilliefnum á netfangið eirikur@heilbrigdiseftirlit.is .

Athugið að skýrsla þessi tekur aðeins til þeirra atriða sem skoðuð voru þann dag sem eftirlitið fór fram. Í samræmi við 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 er þér veittur 14 daga frestur frá dagsetningu þessarar skýrslu til að koma á framfæri andmælum við innihald hennar. Ef athugasemdir eru við ofangreind atriði óskast þær sendar á tölvupóstfangið hef@heilbrigdiseftirlit.is. Heilbrigðiseftirlitið bendir á að loknum andmælafresti verður eftirlitsskýrslan birt á heimasíðu heilbrigðiseftirlitsins; www.heilbrigdiseftirlit.is.

Virðingarfyllst,

Eiríkur Vigfússon,
heilbrigðisfulltrúi.